



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið
Skuggasundi 1
150 Reykjavík

Reykjavík 31. ágúst 2021

2108009SA GB
Málalýkill: 00.64

Efni: Umsögn um drög að rg. um umhverfismat framkvæmda og áætlana, mál nr. 154/2021

Vísað er til tilkynningar í samráðsgátt stjórnvalda frá 20. ágúst sl. þar sem óskað er eftir umsögnum um drög að reglugerð sem sett verður á grundvelli nýsamþykktra laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana, nr. 111/2021.

Almennt

Drögin að reglugerðinni byggja á framangreindum lögum þar sem markmiðið var m.a. að tryggja þátttökuréttindi almennings og að setja fram skýrar og einfaldar málsmeðferðarreglur. Drögin fela m.a. í sér nánari útfærslu á ákvæðum laganna um forsamráð og samþætta málsmeðferð og skyldur ábyrgðaraðila áætlana og framkvæmdaáðila hvað varðar skil á gögnum og innihald þeirra.

Í drögunum er einnig mælt fyrir um stafræna gagna- og samráðsgátt, sem er ætlað að vera vettvangur samráðs um umhverfismat, skipulagsmál og leyfisveitingar. Ákvæðið kemur til framkvæmda 1. desember 2022, en samkvæmt bráðabirgðaákvæði í lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana taka eldri lög til þeirra kynninga og samráðs sem eiga sér stað fram til 1. desember 2022. Ákvæði reglugerðarinnar um samráð og kynningu umhverfismats taka mið af framangreindu bráðabirgðaákvæði og munu því koma til endurskoðunar fyrir 1. desember 2022.

Ábendingar

Sambandið gerir ekki efnislegar ábendingar við reglugerðardrögin og telur mikilvægt að reglugerðin taki gildi sem fyrst, enda er hún mikilvægur þáttur í að innleiða þá einföldun sem felst í samþykkt fyrrgreindra laga.

Tilfni er til að setja fram tvær óverulegar ábendingar varðandi orðalag 4. og 5. gr.:

Í 1. mgr. 4. gr. vantar orðið „á“ í fyrri málslið:

Við forsamráð samkvæmt 8. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana fjalla hlutaðeigandi aðilar eftir því sem við á um tímaáætlánir, gagnaöflun, skýrslugerð og tilhögun og tímasetningu kynningar og samráðs gagnvart umsagnaraðilum og almenningi og tengsl umhverfismats við leyfisveitingar. Þá er þar tekin afstaða til þess hvort sameina skuli skýrslugerð og/eða kynningu samkvæmt 5. gr.

Í 1. mgr. 5. gr. er orðið „skulu“ tvítekið að óþörfu. Fyrri málsliður ætti að hljóma svo:


Nú er ákveðið að samþætta málsmeðferð í samræmi við 9. – 11. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana og skulu þá hlutaðeigandi aðilar sem geta eftir atvikum verið Skipulagsstofnun, framkvæmdaraðilar, ábyrgðaraðilar viðkomandi áætlanagerðar og/eða leyfisveitendur (~~skulu~~) gera með sér samkomulag um viðfangsefni samþættrar málsmeðferðar samkvæmt 9. – 11. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Þar skal gera grein fyrir í hverju samþætting málsmeðferðar felst, svo sem um ábyrgð á einstökum verkþáttum og skiptingu kostnaðar.

Lokaorð

Samband íslenskra sveitarfélaga mælir með því að reglugerðin verði gefin út sem fyrst og að lögð verði áhersla á að þær breytingar sem hún felur í sér hljóti vandaða kynningu.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Karl Björnsson
framkvæmdastjóri